

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 11. janúar 2019
UST201812-189/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Borgarbraut 55-59 - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 28. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Borgarbraut 55-59, Borgarnesi í Borgarbyggð.


Svæðið sem tillagan nær til er skilgreint sem miðsvæði í gildandi aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og verslunar- og þjónustu. Í greinargerð kemur fram að markmið breytinganna er m.a. að auðvelda gerð eignaskiptasamninga varðandi bílastæði og liðka fyrir umferð á bílaplani.

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir bættu umferðarflæði bíla á svæðinu, bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að hugað verði að öryggi og aðgengi gangandi og hjólandi á svæðinu í breytingartillögunni.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur